

Nd.

458. Nefndarálit

[7. mál]

um frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Efni þessa frv. er, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til þess að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi.

Undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar undirbúningsathuganir, og gefa þær tilefni til, að undirbúningsrannsóknnum verði haldið áfram. Um ýmsa valkosti er að ræða, er haft geta mikil áhrif á hagkvæmi stöðvarinnar.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar telur rétt, að þessum rannsóknum verði haldið áfram, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með tveimur breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna, Eðvarð Sigurðsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 2. marz 1971.

Sigurður Ingimundarson,
form., frsm.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.

Ásberg Sigurðsson.

Þórarinn Þórarinsson.

Pálmi Jónsson.

Gísli Guðmundsson.